

15. Stjórnarfundur Bergrisans

1. apríl 2020

Fundur hófst klukkan 15:00 og er fjarfundur í gegnum Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans, Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri og Sigríður Elín Leifsdóttir fulltrúi Árborgar í þjónusturáði Bergrisans. Einnig mættu forstöðumenn þjónustuvæða þær Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir.

Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Erindi frá NPA miðstöðinni vegna Covid19

Erindi NPA miðstöðvarinnar tekið til umræðu hjá stjórn Bergrisans. Í erindinu er varpað fram spurningum vegna ýmissa atriða er lúta að starfsmannamálum í þeirri óvissu sem nú ríkir. Stjórn Bergrisans beinir því til Sambands Íslenskra sveitarfélaga að erindinu verði svarað með samræmdum hætti enda lúta spurningarnar að NPA þjónustunni almennt en ekki einstökum þjónustuvæðum.

2. Viðbrögð Bergrisans við Covid19

Verkefnastjóra falið að yfirfara og samræma viðbragðsáætlanir einstakra stofnana Bergrisans með tilliti til Covid19 í samvinnu við þjónusturáð og fagteymi. Verkefnastjóra jafnframt falið að hafa samráð við bæjarstjóra Árborgar og Hveragerðis um tilfærslu vinnuafis milli vinnustaða í samræmi við umræður á fundinum.

3. Úttekt Haraldar Líndal Haraldssonar á búsetuúrræðum

Von eru fyrstu niðurstöðum úttektar Haraldar Líndal á rekstri sjálfstæðu þjónustuaðilanna og verða þær kynntar á næsta fundi Bergrisans.

4. Endurskoðun á samningi við Klettabæ

Sigríður Elín upplýsir um stöðu endurskoðunar samningsins. Afgreiðslu frestað þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

5. Varnarsóttkví

Forstöðumönnum þjónustuvæðanna falið að samræma greiðslur til þeirra foreldra sem eru í varnarsóttkví með börnum sínum eins og kostur er.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn miðvikudaginn 15. apríl klukkan 14:00 í fjarfundi að öllu óbreyttu.

Fundi slitið 16:30